

Yfirlitsskýrsla

Sendiráðs Íslands í Brussel



Seinni hluti árs 2012

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	4
ALMENNT UM STARFSEMI SENDIRÁÐSINS	4
STARFSMANNABREYTINGAR	4
UPPLÝSINGAMIDLUN.....	5
HEIMSÓKNIR OG FUNDIR	5
EES-SAMNINGURINN	5
SAMÞYKKT LÖGGJÖF SEM FELLUR AÐ HLUTA EÐA AÐ ÖLLU LEYTI UNDIR EES-SAMNINGINN	6
Reglur um lífrænar merkingar taka gildi.....	6
Ný gerð um skortsölu.	6
Nýjar reglur um sæfiefni.	6
Nýjar reglur fyrir rafrænan úrgang.....	7
Hreinni orkugjafar fyrir skip.	7
Tilskipun um orkunýtni samþykkt.	7
Ný löggjöf um upplýsingaskipti í orkumálum.	7
Nýjar reglur um umhverfisáhættu.	8
Munaðarlaus verk gerð aðgengileg.	8
Listi yfir bragðefni sem eru leyfð í ESB.	8
Mjólkuráætlun gengin í gildi.	8
Lýðheilsa: Strangara eftirlit hvað lyfjaöryggi varðar.	8
Vernd einkaleyfa og stuðningur við innri markað ESB.	9
Betri aðgangur að fjármagni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.	9
LÖGGJÖF SEM ER Í UNDIRBÚNINGI OG FELLUR AÐ HLUTA EÐA ÖLLU LEYTI UNDIR EES-SAMNINGINN.....	9
Viðræðurammi fyrir fjárhagsáætlun.....	9
Skuldbindingar um notkun endurnýjanlegra orkugjafa.....	9
Samráðsferli vegna skattahindrana.....	10
Vilja bæta réttindi flugfarþega.	10
Tillaga um að draga úr útblæstri.	10
Nýr löggjafarpakki um endurbætur í fjármálaþjónustu.....	10
LÖGGJÖF OG ANNAD SEM FELLUR UTAN EES-SAMNINGSINS	11
Sameiginlegt kerfi til að finna hælisleitendendum ný heimkynni.....	11
Á móti ósjálfbærum veiðum.....	11
Innri markaðs löggjöf II (Single Market Act II).	11
Aukin vernd útsendra starfsmanna.	11
Öruggari rekstur vatnsauðlinda.	12
VINNUSKJAL FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB UM FRAMKVÆMD EES-SAMNINGSINS	12
SCHENGEN	14
SAMSKIPTI VIÐ ESB	15
AÐILDARVIÐRÆÐUR VIÐ ESB	16
UTANRÍKISÞJÓNUSTA ESB OG ÍSLAND	16
SAMSKIPTI ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA VIÐ EVRÓPUÞINGIÐ	18
FORMENNSKURÍKI ESB 2012	18
FORMENNSKA KÝPVERJA (JÚLÍ – DESEMBER 2012).....	18
LEIÐTOGAFUNDIR ESB	19

BANKABANDALAG	19
HUGMYNDIR UM NÁNARA EFNAHAGSBANDALAG.....	20
EFST Á BAUGI Á EVRÓPUÞINGINU.....	21
MENNINGARMÁL.....	22

Inngangur

Almennt um starfsemi sendiráðsins

Sendiráð Íslands í Brussel sinnir hagsmunagæslu gagnvart Evrópusambandinu auk þess að gegna hefðbundnum sendiráðsstörfum gagnvart umdæmisríkjum þess en þau eru Belgía, Holland, Lúxemborg, Sviss og San Marínó. Höfuðstarfi sendiráðsins hefur á tímabilinu verið að sinna rekstri EES- og Schengen-samninganna í nánú samstarfi við ráðuneyti og stofnanir á Íslandi, auk almennrar hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB. Formlegur rekstur EES-samningsins fer að mestu fram á vettvangi fastanefndar EFTA, sameiginlegu nefndar EES, eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og EFTA-dómstólsins í Lúxemborg. Ísland tekur einnig þátt í starfi ýmissa vinnunefnda á vegum framkvæmdastjórnar ESB sem taka til umfjöllun mála er varða framkvæmd og þróun reglna innan ESB og hafa áhrif á EES-samstarfið. Ísland hefur aðgang að stjórnarnefndum á vettvangi rannsókna og þróunar, um matvælaöryggi o.fl. en hefur þó ekki atkvæðisrétt. Rekstur Schengen-samstarfsins fer fyrst og fremst fram á vettvangi samsettu nefndarinnar og sérfræðinganeftanda hennar. Í þessari skýrslu er farið yfir helstu viðburði og málefni sem komu til kasta sendiráðsins síðari helming ársins 2012.

Alls voru 197 gerðir teknar inn í EES-samninginn á tímabilinu og er gerð grein fyrir þeim helstu í sérstökum kafla í þessari skýrslu. Af því sem hæst hefur borið á vettvangi EES-samningsins á tímabilinu má nefna að um nokkurt skeið hafði verið reynt að finna lausn á þátttöku EES EFTA ríkjanna í nýju skráningarkerfi ESB fyrir losunarheimildir. Íslensk stjórnvöld beittu sér af þunga fyrir því að fyrirkomulagið sem samþykkt yrði myndi grundvallast á tveggja stöðva kerfi EES-samningsins. Um þetta náðist samkomulag undir lok árs 2012.

Undanfarna sex mánuði hefur aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verið í deiglu í starfi sendiráðs Íslands í Brussel. Tvær ríkjaráðstefnur voru haldnar á tímabilinu þ.e. þann 24. október er fram fór ríkjaráðstefna á vettvangi aðalsamningamanns og þann 18. desember er fram fór ríkjaráðstefna á ráðherrastigi. Alls voru níu kaflar opnaðir á þessum fundum og einum lokað. Í lok ársins höfðu því 27 kaflar verið opnaðir í viðræðum Íslands við ESB og sjö köflum lokað. Vert er að minnast á að annar fundur sameiginlegrar ráðgjafanefndar Íslands og Evrópusambandsins á vettvangi atvinnulífsins fór fram í Brussel þann 27. nóvember 2012. Alls skipa tólf aðilar ráðgjafanefndina, sex frá hvorum samningsaðila.

Ísland átti sem endranær farsælt samstarf við utanríkisþjónustu ESB (EEAS). Tóku fulltrúar Íslands þátt í reglulegum samráðsfundum með sérfræðingum utanríkisþjónustunnar á hinum fjölmörgu málefnaviðum. Þá ber að vekja athygli á að í júlí lögðu utanríkismálastjóri ESB og framkvæmdastjórn ESB fram framtíðarstefnumörkun sambandsins í málefnum norðurslóða. Er þar sérstaklega er vikið að mikilvægi Íslands. Fjallað er nánar um samstarf sendiráðsins við utanríkisþjónustu ESB í sérstökum kafla í þessari skýrslu.

Starfsmannabreytingar

Nokkrar starfsmannabreytingar urðu á tímabilinu í sendiráðinu. Níahm O'Donnellan lét af störfum í lok ágúst en hún fór með málefni Evrópuþingsins. Við verkefnum hennar tók Dalila Bernard sem hóf störf hjá sendiráðinu í byrjun september. Eyþór Benediktsson, sendiráðunautur og fulltrúi fjármálaráðuneytisins, lét af störfum í lok október og hóf störf hjá Þróunarsjóði EFTA. Sigríður Eysteinsdóttir og Andri Júlíusson sendiráðsritarar komu til starfa í sendiráðinu í byrjun júlí og september. Sigrún Ingibjörg Gísladóttir og Róbert Hlynur

Baldursson, starfsnemar, létu af störfum í júlí og desember. Þá hóf Grímur Jóhannsson starfsnemi störf í byrjun júlí.

Upplýsingamiðlun

Sendiráðið hefur í tæpt ár haldið úti notendareikningi á samskiptasíðunni Twitter til að kynna starfsemi þess, styrkja tengsl þess við hagsmunaaðila í Evrópu og á Íslandi og efla upplýsingamiðlun um Evrópumál og Ísland. Róbert Hlynur Baldursson, starfsnemi, kom verkefninu á fót. Í lok janúar höfðu um 485 manns fylgt fréttaveitu sendiráðsins á Twitter. Stefnt er í að fjölga fylgjendum sendiráðsins á Twitter töluvert á næstu mánuðum. Twitter verkefnið hefur reynst vel til að miðla upplýsingum um þau mál sem efst eru á baugi, eins og ríkjaráðstefnum Íslands og ESB.

Heimsóknir og fundir

Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, sótti fund EES-ráðsins í Brussel þann 26. nóvember með öðrum utanríkisráðherrum EES EFTA ríkjanna, aðstoðarutanríkisráðherra formennskuríkis ESB og fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB. Í lok árs, þann 18. desember fór utanríkisráðherra fyrir sendinefnd Íslands í aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins á ríkjaráðstefnu sem fram fór í Brussel.

Katrín Júlíusdóttir, fjármála- og efnahagsráðherra, tók þátt í fundi fjármálaráðherra ríkja Evrópusambandsins og EFTA, Ecofin, þann 13. nóvember en fundurinn var haldinn í Brussel. Á fundinum var m.a. rætt um bankabandalag evruríkjanna, en einnig stöðu EFTA ríkja gagnvart slíku bandalagi. Jafnframt var rætt um aðkomu EFTA ríkjanna að nýjum eftirlitsstofnunum á evrópskum fjármálamarkaði. Þá átti Stefán Haukur Jóhannesson aðalsamningamaður Íslands fundi í Brussel dagana 11.-12. september sem og dagana 10.-11. október síðastliðinn. Annar fundur sameiginlegrar ráðgjafanefndar Íslands og ESB fór fram þann 27. nóvember með þátttöku sex fulltrúa Íslands.

Sem endranær sóttu fjölmargir hópar sendiráðið heim í tengslum við fundi og ráðstefnuhald í Brussel. Þann 5. október sótti starfsfólk Skipulagsstofnunar sendiráðið heim og sama dag efndi starfsfólk sendiráðsins til kynningar fyrir fulltrúa Huggarðs. Þá má geta þess að þann 15. nóvember heimsóttu formaður og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins sendiráðið. Þann 4. desember heimsótti sveitarstjórnarfolk sendiráðið og fékk upplýsingar um störf þess. Alls taldi hópurinn 40 manns frá 22 sveitarfélögum og í honum voru bæði kjörnir fulltrúar og ædstu starfsmenn viðkomandi sveitarfélaga.

EES-samningurinn

Fastanefnd EFTA og sameiginlega EES-nefndin hittust alls fjórum sinnum á seinni hluta árs 2012. Alls voru 197 gerðir teknar inn í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar. EES-ráðið hélt sinn 38. fund þann 26. nóvember í Brussel. Fundinum stýrði Espen Barth-Eide, utanríkisráðherra Noregs sem fór með formennsku í sameiginlegu EES-nefndinni seinni hluta árs 2012. Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, sótti fundinn ásamt samráðherrum EFTA EES ríkjanna þeim Aurelíu Frick, utanríkisráðherra Liechtenstein, og Andreas D. Mayroyiannis, aðstoðar-utanríkisráðherra, fyrir hönd formennskuríkisins Kýpur. Auk þeirra sóttu fundinn fulltrúar aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og utanríkisþjónustu ESB, ásamt starfsliði EFTA-skrifstofunnar. Meginefni fundarins var yfirferð um stöðu og framkvæmd EES-samningsins og spunnust óvenjumiklar umræður um

þau mál. Utanríksráðherra lýsti þeirri afstöðu að æ fleiri mál sem taka þyrfi upp í samninginn sköpuðu stjórnarskrárbundin vanda fyrir Ísland þar sem í þeim fælist framsal valds umfram það sem stjórnarskráin heimilaði. Gæti þetta leitt til vandkvæða varðandi fulla þátttöku Íslands í samningnum í framtíðinni að óbreyttri stjórnarskrá. Þá urðu einnig hreinskiptar umræður um stöðu makrílmálsins þar sem ráðherra lýsti þeirri skoðun Íslands að þar sem EES samningurinn tæki ekki til fiskveiða væri ekki rétt að fjalla um málið á þessum vettvangi og lagðist gegn því að ályktað yrði um málið. Á fundinum var einnig rætt um fjármálakreppuna og nauðsyn þess að Evrópuríkin sýndu ábyrgð og samstöðu vegna aðsteðjandi erfiðleika. Rætt var um mikilvægi þess að halda áfram viðræðum á milli EFTA og ESB um hvernig tryggja mætti innleiðingu í EES samninginn á nýjum gerðum á sviði fjármálaþjónustu sem ESB hefur samþykkt. Auk þess hvatti EES-ráðið aðildarríkin til þess að innleiða þær gerðir sem enn hafa ekki tekið gildi í ríkjunum sem fyrst. Síðast en ekki síst brýndi EES-ráðið fyrir mikilvægi þess að ESB og EES EFTA ríkin héldu nánú samstarfi í umhverfismálum, orkumálum og loftslagsmálum og ynnu saman að tækniþróun.

Á námskeiði sem framkvæmdastjórn EFTA heldur á hálfis árs fresti um EES-samninginn og fór fram þann 13. til 14. september að þessu sinni, var lögð sérstök áhersla á að skoða innri markaðinn og stöðu EES samningsis 20 árum eftir innleiðingu hans.

Eftirfarandi er yfirlit yfir nokkur af helstu málunum sem hafa verið til umfjöllunar í EES samstarfinu seinni hluta árs 2012:

Samþykkt löggjöf sem fellur að hluta eða að öllu leyti undir EES-samninginn

Reglur um lífrænar merkingar taka gildi.

Nýjar reglur um merkingar á forpökkuðum lífrænum matvörum sem framleiddar eru í aðildarríkjum ESB öðluðust gildi 1. júlí sl.¹ Þar með varð skylt að merkja allar forpakkaðar lífrænar matvörur með umhverfismerki ESB. Ópakkaðar og innfluttar lífrænar vörur verða undanskildar þessum nýju reglum. Þá má áfram merkja vörurnar að auki með öðrum gæðastimplum.

Ný gerð um skortsölu.

Framkvæmdastjórn ESB samþykkti þann 5. júlí 2012 að taka upp framselda lagagerð (e. delegated act) þar sem settar eru reglur sem tryggja samhæfða innleiðingu og framfylgni reglugerðar um skortsölu².

Nýjar reglur um sæfiefni.

Ný reglugerð um sæfiefni (e. biocidal products) tók gildi 17. júlí³. Henni er ætlað að vernda almannaheilsu og umhverfið. Reglugerðin herðir öryggiskröfur til þessara efna og einfaldar heimildir sem þeim tengjast á innri markaðinum til að styrkja frjálsa flutninga á þeim. Í

¹<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/12/706&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

²<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/12/746&format=HTML&aged=0&language=en&guiLanguage=en>

³<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/12/794&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

reglugerðinni eru sett skýr mörk milli þeirra efna sem teljast örugg og óörugg. Sæfiefni eru meðal annars notuð í mörg hreinlætisefni, skordýra- og rottueitur og vatnshreinsiefni. Framkvæmdastjórnin hafði lagt til að öryggisheimildir vegna tilskipunar ESB um sæfiefni yrði einfölduð, en nýja reglugerðin á að auka skilvirkni eftirlits með þessum efnum. Þá á hún líka að draga úr tilhneigingu til þess að prófa efnin á dýrum þar sem skylt verður að deila upplýsingum um slíkar tilraunir.

Nýjar reglur fyrir rafrænan úrgang.

Endurbættar reglur um söfnun og förgun rafræns úrgangs tóku gildi 13. ágúst síðastliðinn samkvæmt nýrri tilskipun ESB⁴. Þar er meðal annars kveðið á um að 45% raftækja og búnaðar sem seld eru í aðildarríkjum ESB skuli skila til endurvinnslu frá árinu 2016 og 65% frá árinu 2019. Gert er ráð fyrir að breytingar verði gerðar á tilskipuninni í náninni framtíð þannig að frá 2018 nái hún yfir allar tegundir rafbúnaðar en ekki aðeins ákveðnar tegundir eins og núverandi tilskipun gerir. Tilskipunin gerir aðildarríkjum jafnframt kleift að taka á ólöglegum útflutningi á rafrænum úrgangi þar sem útflytjendur verða skyldaðir til að fara yfir búnaðinn og sjá til þess að farið sé eftir reglum ESB. Aðildarríki ESB verða að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru í samræmi við tilskipunina fyrir 14. febrúar 2014.

Hreinni orkugjafar fyrir skip.

Þann 11. september síðastliðinn samþykkti Evrópuþingið nýjar reglur sem setja hámark á hlutfall brennisteins í skipaeldsneyti⁵. Evrópuþingið hafði um nokkra hríð rætt hvernig bæta mætti útblástur frá skipaumferð en þangað til var fyrst og fremst horft til þess hvernig bæta mætti útblástur umferðar í lofti og á landi.

Tilskipun um orkunýtni samþykkt.

Evrópuþingið samþykkti í september nýja tilskipun um orkunýtni fyrir allar stærri stofnanir og fyrirtæki. Þar er miðað við að stærri stofnanir og fyrirtæki skeri niður orkunotkun sína um 20%⁶, en tilskipunin setur meðal annars fram auknar kröfur um orkunýtni húsbygginga. Tilskipunin verður lykiltæki ESB í því að ná fram markmiðum sambandsins um orkusparnað til ársins 2020.

Ný löggjöf um upplýsingaskipti í orkumálum.

Í september samþykkti Evrópuþingið nýja löggjöf þar sem gert er ráð fyrir því að aðildarríki ESB veiti meiri upplýsingar um orkusölusamninga þeirra við utanaðkomandi ríki⁷. Löggjöfin á að bæta samningsstöðu aðildarríkja ESB vegna orkukaupa og gerir hún framkvæmdastjórn ESB kleift að fara yfir það hvort þessir samningar samræmist regluverki ESB. Þá á löggjöfin að samræma betur stefnu aðildarríkja ESB í viðræðum við utanaðkomandi ríki um orkumál.

⁴<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/12/898&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

⁵<http://www.europarl.europa.eu/news/en/headlines/content/20120910STO50936/html/Cleaner-marine-fuels-could-save-thousands-of-lives>

⁶<http://www.europarl.europa.eu/news/en/headlines/content/20120831FCS50275/5/html/Energy-efficiency-billions-to-be-made-in-savings>

⁷<http://www.europarl.europa.eu/news/en/pressroom/content/20120907IPR50830/html/Better-coordinated-EU-external-energy-policy>

Nýjar reglur um umhverfisáhættu.

Seveso III, uppfærð útgáfa af Seveso-tilskipuninni svokölluðu um mat á umhverfisáhættu, tók gildi þann 13. ágúst sl⁸. Breytingarnar eiga að upplýsa evrópska borgara betur um þá hættu sem að þeim stafar vegna iðnaðarstarfsemi í þeirra næsta nágrenni. Breytingarnar eiga að endurspeglja þá þróun sem hefur orðið á alþjóðlegri og evrópskri flokkun á efnum. Tilskipunin skyldar aðildarríki ESB til þess að innleiða neyðarviðbragðsáætlun vegna svæða sem eru í nágrenni við þungaiðnað eða þar sem má finna hættuleg efni. Í tilskipuninni er jafnframt kveðið á um að auka skuli þátttöku íbúa í ákvarðanatöku vegna landnýtingar fyrir iðnaðarstarfsemi og sett strangari viðmið fyrir eftirlit með öryggisregluglufylgni. Upplýsingar um þá hættu sem almenningi stafar af þessari starfsemi skulu verða gerðar aðgengilegar rafrænt. Aðildarríki ESB eiga að hafa tekið mið af þessari tilskipun fyrir 1. júní 2015, en sama ár tekur gildi ný Evrópulöggjöf um flokkun hættulegra efna.

Munaðarlaus verk gerð aðgengileg.

Evrópuþingið samþykkti í september nýja löggjöf um munaðarlaus höfundarréttarverk á borð við ljósmyndir, kvikmyndir og texta⁹. Samkvæmt löggjöfinni verður opnað fyrir aðgang neytenda í auknum mæli að verkum sem ekki er vitað hver á höfundarréttinn að. Þannig heimilar löggjöfin hinum ýmsu söfnum að nota munaðarlaus verk í starfsemi sinni.

Listi yfir bragðefni sem eru leyfð í ESB.

Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur gefið út lista yfir bragðefni sem leyfð eru við vinnslu matvæla í ESB og er um að ræða mikilvægan áfanga fyrir neytendavernd¹⁰. Matvælaöryggisstofnunin hefur unnið að gerð listans síðan 2003 með því að meta öryggi þúsunda bragðefna. Yfir 2500 bragðefni eru talin áhættulaus og fá því að vera á listanum.

Mjólkuráætlun (e. Milk Package) gengin í gildi.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lýst því yfir að svokölluð „mjólkuráætlun“ sé gengin í gildi¹¹. Áætlunin gerir m.a. ráð fyrir því að gerðir séu skriflegir samningar milli mjólkurframleiðenda og mjólkurstöðva og fyrir þeim möguleika að semja sameiginlega með milligöngu mjólkurframleiðendasamtaka. Einnig miðar áætlunin að auknu gegnsæi í mjólkuriðnaði.

Lýðheilsa: Strangara eftirlit hvað lyfjaöryggi varðar.

Ráðherraráð ESB hefur samþykkt breytta löggjöf varðandi lyfjagát (e. pharmacovigilance)¹². Nýju reglurnar munu leiða til strangara eftirlits í fleiri flokkum lyfja og öðlast gildi fyrir lok árs 2013.

⁸<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/12/897&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en%20>

⁹<http://www.europarl.europa.eu/news/en/pressroom/content/20120907IPR50827/html/Orphan-works-to-go-public>

¹⁰<http://www.efsa.europa.eu/en/press/news/121001b.htm>
<http://www.efsa.europa.eu/fr/efsajournal/pub/2927.htm>

¹¹http://ec.europa.eu/agriculture/newsroom/93_en.htm

¹²http://ec.europa.eu/health/documents/latest_news/midday20121004.pdf

Vernd einkaleyfa og stuðningur við innri markað ESB.

Ráðherrar ESB hafa ákveðið að styðja samkomulag um vernd á einkaleyfum sem ætlað er að bæta samkeppnishæfni nýsköpunariðnaðar ESB og þar með blása nýju lífi í hagkerfi Evrópu¹³. Ráðið samþykkti einnig ályktanir um forgangstillögur varðandi innri markaðslöggjöf II (Single Market Act II) sem er viðbót við innri markaðslöggjöf I (Single Market Act I) og er ætlað að styrkja enn frekar innri markaðinn, auka efnahagslegan vöxt og atvinnusköpun.

Betri aðgangur að fjármagni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Nefnd fastafulltrúa (Coreper I) og Evrópuþingið hafa komist að samkomulagi um gerð tveggja reglugerða sem er ætlað að auka hagvöxt og trú manna á innri markað ESB¹⁴. Þær munu stuðla að hagvexti, samkeppni og félagslegum framförum í Evrópu með því að auka talsvert aðgang að fjármagni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Auk þess munu þær auðvelda fjárfestum að bera kennsl á sjóði sem munu fjármagna fyrirtæki sem hafa félagsleg markmið og sjóði sem fjármagna lítil og meðalstór fyrirtæki sem vinna að nýsköpun.

Löggjöf sem er í undirbúningi og fellur að hluta eða öllu leyti undir EES-samninginn

Viðræðuramma fyrir fjárhagsáætlun.

Formennska Kýpur að ráðherraráði ESB kynnti 24. september sl. endurskoðaðan viðræðuramma vegna samninga um langtímafjárhagsáætlun ESB árin 2014 til 2020¹⁵. Í tillögunni er þeim kostum sem koma til greina í áætlanagerðinni fækkað og lagt til að skorið verði niður í öllum útgjaldaliðum fjárhagsáætlunarinnar. Aðildarríki ESB voru ekki sammála um alla þætti viðræðurammans en samþykktu þó að hafa hann til hliðsjónar vegna frekari viðræðna sem fram hafa farið síðan.

Skuldbindingar um notkun endurnýjanlegra orkugjafa.

Orkumálaráðherrar ESB staðfestu 17. september sl. markmið aðildarríkja sambandsins um að auka notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir árið 2020¹⁶. Auk þess ítrekuðu þeir nauðsyn þess að marka pólitíska stefnu til ársins 2050 um nýtingu sjálfbærra orkugjafa. Ráðherrarnir fóru yfir orðsendingu framkvæmdastjórnar ESB um endurnýjanlega orku frá 6. júní 2012 og tillögur hennar að reglugerð um þver-evrópskt orkugrunnvirki.

¹³<http://www.cy2012.eu/index.php/en/news-categories/areas/competitiveness/press-release-support-for-the-unitary-patent-and-the-single-market>
<http://www.europarl.europa.eu/news/en/pressroom/content/20121210IPR04506/html/Parliament-approves-EU-unitary-patent-rules>

¹⁴<http://www.cy2012.eu/index.php/en/news-categories/areas/competitiveness/press-release-better-access-to-finance-by-innovative-smes-and-social-businesses>

¹⁵ <http://www.consilium.europa.eu/homepage/highlights/multiannual-financial-framework-negotiations-approaching-endgame?lang=en>

¹⁶ <http://www.cy2012.eu/index.php/en/news-categories/areas/competitiveness/press-release-targeting-secure-sustainable-and-affordable-energy>

Samráðsferli vegna skattahindrana.

Framkvæmdastjórn ESB ýtti úr vör opnu samráðsferli 3. ágúst sl. til að safna saman upplýsingum um dæmi um skattavandamál vegna áhættufjárfestinga erlendis¹⁷. Að mati framkvæmdastjórnarinnar geta oft komið upp vandamál vegna áhættufjárfestinga milli landa þar sem miklu munar á skattkerfum frá einu af aðildarríkjum ESB til annars. Þetta geti hægt á þróun sameiginlegs fjárfestingamarkaðar í Evrópu og aðgengi smárra og meðalstórra fyrirtækja að lánsfé.

Vilja bæta réttindi flugfarþega.

Hinn 23. október greiddi Evrópuþingið atkvæði um tillögu sem ætlað er að styrkja réttindi farþega sem ferðast með flugfélögum, lestum, hópferðabifreiðum eða bátum¹⁸. Meðal annars var lagt til að leggja auknar skyldur á fyrirtæki í ferðabjónustu til að upplýsa farþega um réttindi þeirra, eins og að bæta upplýsingagjöf til þeirra á meðan á ferð stendur. Þetta getur meðal annars átt við ef tafir eru á ferðinni, henni frestað eða önnur vandamál koma upp. Þá var lagt til að tekið yrði upp staðlað evrópskt kvörtunarbréf fyrir farþega. Nýjar reglur um farþega skipa og hópþreiða tóku gildi í desember 2012 og mars 2013. Þá hugðist framkvæmdastjórnin fara yfir réttindi flugfarþega og leggja fram tillögu um endurskoðun þeirra fyrir lok árs 2012 eða í byrjun árs 2013.

Tillaga um að draga úr útblæstri.

Hinn 13. júlí lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu um að innleiða markmið sem munu draga úr útblæstri koldíoxíðs (CO₂) frá nýjum bifreiðum og smærri flutningaökutækjum fyrir árið 2020¹⁹. Samkvæmt tillögunni yrði dregið úr útblæstri koldíoxíðs frá bílum í 95 grömm að jafnaði fyrir hvern kílómetra en hann var 135,7 grömm árið 2011. Þá minnki útblástur minni flutningsökutækja í 147 grömm en hann var 181,4 grömm árið 2010. Tillagan var send til frekari umfjöllunar í Evrópuþinginu og ráðherraráði ESB. Hún mun breyta tveimur reglugerðum sem þegar eru í gildi um skyldur bílaframleiðenda.

Nýr löggjafarpakki um endurbætur í fjármálaþjónustu.

Framkvæmdastjórn ESB kynnti í byrjun júlí tillögu að nýjum löggjafarpakka sem á að styrkja þau viðmið sem notuð eru í fjármálaþjónustu og bæta aðgengi neytenda að upplýsingum²⁰. Lagt er til að reglur um fjárfestingasjóði verði hertar til að tryggja öryggi neytenda. Lögð er fram tillaga að nýrri reglugerð um mikilvæg upplýsingagögn vegna almennra fjárfestinga (PRIPS), breytingar á tilskipun ESB um váttryggingamiðlun (IMD) og tillaga um að auka vernd þeirra sem leggja fé í fjárfestingasjóði sem nú er hluti af tilskipun ESB um verðbréfasjóði (UCITS).

¹⁷<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/12/881&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

¹⁸<http://www.europarl.europa.eu/news/en/headlines/content/20120706STO48459/html/MEPs-call-for-improvement-of-passenger-rights>

¹⁹<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/12/771&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

²⁰<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/12/736&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

Löggjöf og annað sem fellur utan EES-samningsins

Sameiginlegt kerfi til að finna hælisleitendum ný heimkynni.

Nefnd Evrópuþingsins um borgaraleg réttindi samþykkti í júlí ályktun þar sem þess er farið á leit að sett verði á fót varanlegt samhæft evrópskt kerfi til að finna hælisleitendum ný heimkynni²¹. Slíkt kerfi gæti bætt samleitni í hælisstefnum aðildarríkja ESB. Þá óskuðu þingmennirnir eftir því að auknu fjármagni verði veitt í hælismál, að sameiginlega verði unnið úr umsóknum hælisleitenda og að Evrópskri stuðningsskrifstofu í hælismálum (EASO) verði veitt aukið hlutverk í að efla samvinnu milli aðildarríkja ESB á sviði hælismála. Sameiginleg stefna fyrir ESB í hælismálum er nú í skoðun og í júlí tók nefnd fastafulltrúa ESB skref í átt að því að öðrum áfanga verkefnisins verði lokið fyrir lok þessa árs. Samkomulagi var náð um tilskipun um aðstæður við móttöku hælisleitenda sem er ein af fjórum lagagerðum sem nauðsynlegar eru til að ljúka öðrum áfanga verkefnisins. Markmið samkomulagsins er að setja hærri og samræmdari staðla hvað varðar móttöku hælisleitenda en á sama tíma koma í veg fyrir að kerfið sé misnotað og lögð sé of mikil byrði á stjórnkerfi aðildarríkjanna að óþörfu.

Á móti ósjálfbærum veiðum.

Í september samþykkti Evrópuþingið reglugerð sem gerir framkvæmdastjórn ESB kleift að beita refsiaðgerðum gegn utanaðkomandi ríkjum sem eru talin ástunda ósjálfbærar fiskveiðar úr sameiginlegum fiskistofnum²². Framkvæmdastjórn ESB getur meðal annars bannað innflutning á afurðum úr þeim fisktegundum sem um ræðir og tengdum fisktegundum, auk þess að takmarka aðgang fiskiskipa frá þessum ríkjum að þjónustu í höfnum innan ESB. Þessi reglugerð verður eitt helsta tæki sameiginlegrar fiskveiðistefnu ESB í samskiptum sambandsins við utanaðkomandi ríki um sjávarútvegsmál. Ráðherraráð ESB gekk endanlega frá tillögunni á fundi sínum í október.

Innri markaðs löggjöf II (Single Market Act II).

Árið 2012 var efnt til tuttugu ára afmælis innri markaðslöggjafar I og hefur framkvæmdastjórn ESB samþykkt innri markaðslöggjöf II²³. Hún hefur að geyma tólf lykilaðgerðir með áherslu á að auka hagvöxt, atvinnu og traust. Aðgerðirnar beinast þannig sérstaklega að samgöngu- og orkumálum, hreyfanleika borgara og fyrirtækja yfir landamæri, stafrænu hagkerfi og því að auka samheldni og ávinning fyrir neytendur.

Aukin vernd útsendra starfsmanna.

Ráðherrar félag- og vinnumála ESB komu saman hinn 6. desember sl. til að ræða tillögu að tilskipun sem ætlað er að bæta framkvæmd tilskipunar frá 1996 varðandi starfsmenn sem

²¹ <http://www.cy2012.eu/index.php/en/news-categories/areas/justice-and-home-affairs/press-release--positive-step-for-common-european-asylum-system>
<http://www.europarl.europa.eu/news/en/pressroom/content/20120709IPR48499/html/Asylum-policy-call-for-fair-shares-and-solidarity>

²² <http://blogs.ec.europa.eu/damanaki/commission-parliament-and-council-together-against-unsustainable-fishing/>
<http://blogs.ec.europa.eu/damanaki/reflecting-on-the-ministerial-meeting-on-mackerel-management/>
<http://www.europarl.europa.eu/news/en/pressroom/content/20120907IPR50823/html/Stop-overfishing-of-mackerel-MEPs-back-sanctions-against-third-countries>

²³ http://europa.eu/rapid/press-release_IP-12-1054_en.htm?locale=en

starfa á sviði þjónustu í öðru aðildarríki ESB. Um er að ræða mikilvæga tillögu hvað viðskipti á innri markaðnum varðar sem kveður á um lágmarksréttindi útsendra starfsmanna²⁴.

Öruggari rekstur vatnsauðlinda.

Í niðurstöðum umhverfisráðherra er sett fram áætlun um að bæta stjórnunarhætti hvað vatnsauðlindir varðar, meðal annars með því að bæta landnotkun, taka á vatnsmengun og bæta afköst og þanþol vatnsauðlindanna²⁵. Markmiðið er að tryggja sjálfbærni allrar starfsemi sem hefur áhrif á vatnsauðlindir og þar með stuðla að því að tryggja aðgengi að gæðavatni.

Vinnuskjal framkvæmdastjórnar ESB um framkvæmd EES-samningsins

Framkvæmdastjórn ESB birti í lok ársins 2012 vinnuskjal um framkvæmd EES-samningsins í kjölfar þess að ráðherraráð ESB ákvað á fundi sínum í desember 2010 að framkvæmd samningsins skyldi endurskoðuð. Nokkur umræða hefur átt sér stað um endurskoðun EES-samningsins á undanförunum misserum og er skemmst að minnast viðamikillar skýrslu sem norsk stjórnvöld létu gera um rekstur EES-samningsins í fortíð og nútíð og hvert hann stefni til framtíðar. Um norsku skýrsluna og hvítbók þá sem norsk stjórnvöld létu vinna á grundvelli niðurstaðna skýrslunnar var fjallað í síðustu hálfárskýrslu sendiráðsins, fyrir fyrri helming ársins 2012. Þá er vert að minnast á að stjórnvöld í Liechtenstein hafa einnig beint sjónum sínum að framkvæmd EES-samningsins og látið sérfræðinga vinna skýrslu þess efnis. Þess má einnig geta að íslensk stjórnvöld hafa í tvígang, árið 2000 og aftur árið 2007, látið gera úttektir á EES-samningnum sem í bæði skiptin efldu mjög umræður um samninginn og gildi hans til framtíðar. Er því í raun nokkuð tímabært að ESB móti afstöðu sína til samningsins og verður af hálfu sendiráðsins fylgst með athygli hvernig þeirri vinnu vindur fram. Vinnuskjal framkvæmdastjórnarinnar hefur verið til skoðunar hjá fulltrúum aðildarríkja ESB í vinnuhópi ráðherraráðsins um EFTA-ríkin og var hún tekin til fyrstu umfjöllunar hópsins í byrjun árs 2013. Var fulltrúum EES EFTA ríkjanna boðið á þann fundi þar sem þau komu á framfæri athugasemdum sínum. Vinnuhópurinn mun væntanlega svara spurningum framkvæmdastjórnarinnar í kjölfarið og leggja drög að ákvörðunum um næstu skref.

Í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar kemur fram að á heildina litið gangi EES-samstarfið vel og að EES-samningurinn hafi verið grundvöllur farsælla samskipta milli ESB og EES EFTA-ríkjanna á síðustu tveimur áratugum. Þó er bent á að EES-samstarfið sé heldur EES EFTA-ríkjunum í vil þar sem það veiti EES EFTA-ríkjunum aðgang að markaði sem telur 500 milljónir manns en markaður EES EFTA-ríkjanna sé smávægilegur í þeim samanburði. Reifað er að róttækar breytingar hafi átt sér stað síðan EES-samningurinn var gerður sem aftur ylli auknum erfiðleikum í EES-samstarfinu. Er það tiltekið að ESB hafi stækkað úr 12 ríkjum í 27, fjögur ríki hafi gengið úr EES í ESB auk þess sem stofnanir og starfsemi ESB hafi breyst. Til þessa hafi EES-samningurinn verið nægilega sveigjanlegur til að takast á við flestar þessar breytingar en þeirri spurningu er hins vegar varpað fram hvort sveigjanleiki þessi sé í raun nægilegur til að takast á við ríkjandi aðstæður og framtíðar þróun ESB. Er bent á að meðal annars sé sífellt erfiðara að dæma um hvort gerðir ESB falli undir innri markaðinn eða önnur svið. Jafnframt er bent á að löggjöf ESB samanstandi í auknum mæli af lögum sem

²⁴ <http://www.cy2012.eu/index.php/en/news-categories/areas/employment-social-policy/press-release-moving-forward-on-achieving-enhanced-protection-for-posted-workers>

²⁵ <http://www.consilium.europa.eu/homepage/highlights/safer-management-of-europes-water-resources?lang=en>

ná yfir mörg svið en fara þó saman sem ein heild (*e. packages of legislation with many dimensions*) í stað einstakra gerða (*e. individual acts*), sem vissulega flæki mál. Í tímans rás hafi verið talið að endurskoða þyrfti EES-samninginn en að það hafi hins vegar ekki verið gert. Þá ræðir skýrslan um að það sé víðtækt álit að ef EES-samningnum sé leyft að þróast samhliða ESB og hann teygður til málaflokka sem ekki voru til skoðunar þegar samningurinn var gerður, gefi það EES EFTA-ríkjunum þægilegan valkost annan en ESB-aðild þar sem þau geta hagað innleiðingu löggjafar nánast að vild eftir pólitískum vindum hverju sinni.

Skýrsluhöfundar beina sérstaklega sjónum að því hversu margar gerðir á eftir að taka inn í EES-samninginn og fara nokkuð hörðum orðum um hversu langan tíma það tekur EES EFTA-ríkin að innleiða þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem teknar eru með stjórnskipulegum fyrirvara. Þá kemur fram að seinkun á framkvæmd gerða sem falla undir EES-samninginn og EES EFTA-ríkin leiði til lagalegs ósamræmis og lagalegrar óvissu á EES-svæðinu og grafi þannig undan einsleitni á innri markaðinum. Tekið er fram að EES-samningurinn kveði á um að ESB geti refsað EES EFTA-ríkjunum fyrir að aflétta ekki stjórnskipulegum fyrirvörum á ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar á réttum tíma og fyrir að draga á langinn að innleiða réttarreglur ESB sem falla undir EES-samninginn. Þeirri spurningu er beint til vinnuhóps ráðherraráðsins hvort rétt sé að ESB færi sér þessi ákvæði í nyt í ákveðnum óleystum málum. ESB hefur fært vald í auknum mæli til stofnana, t.d. eftirlitsstofnana, og veldur það stjórnskipulegum vandkvæðum fyrir tiltekin EES/EFTA-ríki. Því beinir framkvæmdastjórnin þeirri spurningu óbeint til ráðherraráðsins hvort ástæða sé til að finna allsherjarlausn á því vandamáli í stað þess að taka á hverju máli fyrir sig eins og nú er gert.

Í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar kemur fram nokkuð beitt gagnrýni á Eftirlitsstofnun EFTA um að mat hennar á frammistöðu EES EFTA-ríkjanna við innleiðingu EES-gerða eigi sér stað á öðrum forsendum en mat framkvæmdastjórnarinnar á frammistöðu aðildarríkja ESB. Af því leiði að frammistöðumat ESA sé því ekki sambærilegt við hið síðarnefnda. Ekki er þó ljóst hvað framkvæmdastjórnin á þar við. Yfir 70 tvíhliða samningar af ýmsu tagi hafa verið gerðir milli ESB og EES EFTA-ríkjanna. Í vinnuskjalinu er það borið undir ráðherraráðið hvort ástæða sé til þess að skoða þessa samninga og jafnvel setja suma þeirra saman undir einn rammasamning til þess að auka lagalegan skýrleika. Framkvæmdastjórnin bendir á að æskilegt sé að gerðir verði samningar milli ESB og Íslands annars vegar og ESB og Noregs hins vegar um gagnkvæma viðurkenningu á landfræðilegri merkingu á landbúnaðarvörum. Fjallað er um nauðsyn þess að endurskoða viðauka 3 við EES-samninginn til að lækka tolla á unnum landbúnaðarvörum.

Hvað Þróunarsjóð EFTA og Noregssjóðinn varðar eru tíundaðar leiðir til þess að minnka vinnuálag framkvæmdastjórnarinnar við eftirlit með því hvort reglur ESB þar að lútandi séu virtar. Auk þess er þeirri spurningu velt upp hvort ESB ætti að kalla eftir varanlegum grundvelli sem útreikningar á framlögnum yrðu byggðir á, þó í samræmi við þróun samheldnistefnu ESB (*e. Cohesion policy*). Framkvæmdastjórnin leggur til að bætt verði við EES-samninginn ákvæði um að hægt sé að afnema tollfríðindi til bráðabirgða ef upp koma vandamál hvað varðar framkvæmd þeirra. Jafnframt bendir framkvæmdastjórnin á að bæta mætti við ákvæði um hvernig skuli bregðast við mistökum á sviði stjórnsýslu. Ekki er ljóst hvernig framkvæmdastjórnin telji að standa ætti að þessari breytingu. Fjallað er um skoðanaskipti við aðila vinnumarkaðarins annars vegar og pólitísk skoðanaskipti hins vegar og lagðar til leiðir til að bæta þau en óljóst er hvað átt er við með þeim tillögum.

Í samantekt má í raun segja að niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar sé að EES-samstarfið hafi gengið vel en að ESB skuli varast að leyfa EFTA-ríkjunum að skapa sér stöðu sem veiti

þeim óbeint réttindi aðildarríkis. Þvert á móti skuli herða á framkvæmd EES-samningsins og jafnvel beita þvingunum ef nauðsyn krefur. Helstu markmið framkvæmdastjórnarinnar virðast þannig vera að einfalda og straumlínulaga samband ESB við EFTA-ríkin og önnur ríki, t.a.m. smáríki. Tekið er fram að mun erfiðara sé orðið fyrir EES EFTA-ríkin að semja um undanþágu eða aðlögunartíma hvað varðar gerðir sem falla undir EES-samninginn og að sá möguleiki sé „jafnvel óásættanlegur“ þar sem löggjöf ESB byggist á niðurstöðum samningaviðræðna 27 ríkja (á móti 12 við upphaf EES).

Áfram verður náði fylgst með vinnu framkvæmdastjórnarinnar og vinnuþóps ráðherraráðsins um EFTA-ríkin og sjónum beint að því í næstu hálfárskýrslu sendiráðsins.

Schengen

Á vettvangi Schengen-samstarfsins má helst nefna fjórar áskoranir sem samstarfið mætir nú. Í fyrsta lagi þarf að fylgja eftir atburðunum í Lampedusa, en eins og kunnugt er komu tugir þúsunda flóttamanna frá Líbýu og Túnis til ítölsku eyjunnar Lampedusa vorið og sumarið 2012. Vænlegast til árangurs er að mati ráðuneytisins líklega að Schengen-löndin standi saman til að takast á við þessa áskorun, frekar en að berjast innbyrðis og varpa ábyrgðinni á hvert annað eins og tilhneigingin hefur verið.

Í öðru lagi hefur stækkun Schengen-svæðisins, nánar tiltekið fyrirhuguð aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Schengen, verið nefnd sem áskorun. Sú áskorun felst þó að mestu leyti í pólitísku andrúmslofti innan Evrópusambandsins frekar en því að Búlgaríu og Rúmenía uppfylli ekki skilyrði Schengen-reglanna. Síðan Búlgaríu og Rúmenía fengu aðild að ESB árið 2007 hefur staðið yfir undirbúningur og vinna ríkjanna tveggja til fullrar þátttöku í Schengen-samstarfinu og þykja þau strangt til tekið hafa uppfyllt skilyrðin sem sett eru fyrir aðild að Schengen. Ákveðin ríki hafa þó staðið gegn aðild þeirra að Schengen þar sem Búlgaríu og Rúmenía hafa ekki þótt uppfylla kröfur ESB um aðgerðir til varna gegn skipulagðri glæpastarfsemi og spillingu. Vonast er til að niðurstaða fáiast í málið seinni hluta árs 2013.

Í þriðja lagi er nefnt í nýlegri skýrslu innanríkisráðherra til Alþingis að fylgja þurfi eftir þróun Frontex og tryggja að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu sem best. Viðræðum um aukinn atkvæðarétt Íslands í stjórn Frontex samhliða auknum umsvifum stofnunarinnar var haldið áfram á haustmánuðum 2012.

Loks er nefnd áskorunin varðandi þróun annarrar kynslóðar Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II) og gangsetning þess. Á árinu 2012 var áfram unnið að því að innleiða SIS II upplýsingakerfið fyrir Schengen-samstarfið. Framkvæmdastjórn ESB, SIS II aðgerðarhópurinn (SIS II Task Force) og Global Project Management Board (GPMB) hafa unnið ötullega að því að framkvæma prófanir og gera ráðstafanir svo hægt sé að taka nýja kerfið í gagnið. Í lok júní 2012 lágu niðurstöður fyrstu prófananna fyrir, svokallaðs annars áfanga eða Milestone II. Þær uppfylltu allar þær forsendur sem gefnar höfðu verið. Stefnt er að því að taka SIS II upplýsingakerfið í gagnið á vordögum 2013 þegar prófunum verður lokið. Út frá samvinnu lögreglu og öryggi á Schengen-svæðinu verður að segja að SIS II muni fyrirsjáanlega reynast afar gagnlegt tæki.

Ný stofnun til reksturs stórra upplýsingakerfa á sviði dóms- og innanríkismála tók til starfa á árinu 2012. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. ábyrgð á rekstri og þróun Schengen-upplýsingakerfisins, upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir og fingrafaragrunns í hælismálum. Gert er ráð fyrir þátttöku Íslands í þessari stofnun á grundvelli sérstaks samnings. Formlegar samningaviðræður þess efnis hófust haustið 2012.

Af öðrum viðburðum á sviði Schengen er vert að minnast á að farið var af stað með gagnasöfnun innan aðildarríkja Schengen til að reyna að fá skýrari mynd af fólksflutningi til og innan Evrópu. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar kemur fram að gagnasöfnun af þessu tagi sé ófullkomin og takmörkuð þar sem hún nái aðeins yfir skamman tíma og aðildarríkin tóku ekki öll þátt. Vissulega sé þó þörf á að kanna hver staða fólksflutninga sé innan Schengen og eru aðildarríkin sammála um að framkvæmdastjórnin þurfi að koma að þeirri vinnu. Framkvæmdastjórnin, Frontex og aðildarríki Schengen eru að skoða hvernig best sé að standa að slíkri gagnasöfnun.

Á síðari hluta árs 2012 var sem áður fylgst náið með innflytjenda- og flóttamannastraumi á landamærum Schengen við Austur-Miðjarðarhaf sem og fólksflutningi innan Schengen-svæðisins. Mikil aukning var á komu innflytjenda og flóttamanna yfir landamæri Grikklands fyrri hluta árs 2012 og mikill þrýstingur var á landamærum Grikklands. Samkomulag var því gert við tyrknesk yfirvöld um að styrkja eftirlit á landamærum Grikklands og Tyrklands og hefur það gefið góða raun. Vert er að geta þess að átökin í Sýrlandi hafa leitt til aukinnar komu flóttamanna þaðan og eru Sýrlendingar nú annar stærsti hópurinn sem leitar skjóls í Evrópu. Búast má við að Sýrlendingar sækji í auknu mæli eftir hæli í Evrópu þar sem ekki sér fyrir endann á átökum þar í landi. Þeir sem sóttu um hæli á Schengen-svæðinu komu að stærstum hluta frá Afganistan en einnig frá Bangladesh og Sýrlandi.

Í kjölfar breytinga á pólitískri stjórnun og umgjörð Schengen-samstarfsins sem hrint var í framkvæmd nýverið hefur framkvæmdastjórnin kynnt tvær skýrslur um þau mál sem eru á dagskrá í Schengen-samstarfinu. Í skýrslum þessum er farið yfir stöðu, ákvarðanir og skilvirkni Schengen-samstarfsins. Í lok 2012 kom út önnur hálfárskýrsla en hún nær yfir tímabilið 1. maí - 31. okt 2012. Í júní 2012 var samþykkt breyting á landamærareglum Schengen og matskerfi þess. Tímabundið eftirlit á innri landamærum var samþykkt í sérstökum aðstæðum en því hefur verið beitt á tímabilinu. Einstaka úttektir á skilvirkni Schengen hafa verið gerðar á síðari hluta árs 2012 og var m.a. gert mat á SIS/Sirene kerfinu á Íslandi með góðum niðurstöðum.

Um nokkurt skeið hafa verið til umræðu á vettvangi Schengen-samstarfsins hugmyndir um að stjórna ytri landamærum Schengen-svæðisins á skilvirkari og samræmdari hátt. Með þetta að leiðarljósi ber að fylgja tækninýjungum til að takast á við erfiðleika við landamæraeftirlit. Á hverju ári ferðast um 700 milljónir einstaklinga um ytri landamæri Schengen-svæðisins. Nauðsynlegt er að tryggja greiðan straum ferðamanna sem koma frá ríkjum utan Schengen, þar sem það er mjög ákjósanlegt fyrir hagkerfi Schengen-ríkjanna, en gæta verður fyllsta öryggis um leið og er snúið að samræma þessi tvö markmið. Framkvæmdastjórn ESB vinnur að svokölluðum *Smart Borders* tillögum og mun Ísland fylgjast grannt með gangi mála hvað þetta varðar.

Samskipti við ESB

Sem fyrr hafa verið rík samskipti á milli sendiráðsins og stofnana ESB á fjölmörgum sviðum á tímabilinu. Má þar helst nefna samskipti á borð við reglulega fundi sendiherra með fastafulltrúum aðildarríkja ESB, fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar og þingmönnum á Evrópuþinginu. Þá eru og tíð samskipti milli annarra fulltrúa sendiráðsins með fastanefndum aðildarríkja og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar. Erindrekstur sendiráðsins einskorðast þó ekki eingöngu við aðildarviðræðurnar við ESB heldur á hann ekki síður við um helstu hagsmunamál Íslands gagnvart ESB og aðildarríkjum þess og má þar helst nefna Icesave-

málið og maktíleiluna sem farið hafa hátt á undanförunum mánuðum. Auk þessara brýnu mála eru mikil og vaxandi samskipti við stofnanir ESB á vettvangi utanríkis- og öryggismála sem og málefna norðurslóða sem mjög voru í deiglunni á tímabilinu. Þá hefur sendiráðið leitast við að efla ríkt tengslanet í Evrópuþinginu og lagt áherslu á að efla skilning fulltrúa þess á helstu hagsmunamál Íslands.

Aðildarviðræður við ESB

Þann 24. október sl. fór fram sérstök ríkjaráðstefna ESB og Íslands þar sem Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður, fór fyrir sendinefnd Íslands. Á fundinum voru þrjú kaflar í aðildarviðræðum Íslands og ESB formlega opnaðir. Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, fór fyrir sendinefnd Íslands á ríkjaráðstefnu Íslands og ESB á ráðherrastigi þann 18. desember. Á fundinum var ákveðið að hefja samningaviðræður um sex nýja samningskafla. Í raun hafa nú allir málaflokkar verið opnaðir í viðræðunum nema sjávarútvegsmál og landbúnaður. Samningaferlið hefur gengið vel og á þeim átján mánuðum sem liðu frá því að eiginlegar samningaviðræður hófust í júní 2011 og þar til í desember 2012 náðist að hefja viðræður um alls 27 samningskafla, eða um 4/5 allra málaflokka. Þar af er viðræðum lokið um 11 kafla og auk þess hefur Ísland afhent samningsafstöðu sína í tveimur samningsköflum til viðbótar. Ísland á því einungis eftir að ljúka gerð samningafstöðu í fjórum köflum af þeim 33 sem efnislegir samningar snúast um.

Samskipti við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eru formföst. Fulltrúar samningahópa funda með fagfólki í deildum framkvæmdastjórnarinnar eftir því sem við á hverju sinni. Stækkunarskrifstofa ESB annast skipulag þessara funda og nýtur liðsinnis sendiráðs Íslands í Brussel. Þessi samskipti fara fram jöfnum höndum í Brussel og Reykjavík og í gegnum fjarfundabúnað. Starfsmenn sendiráðsins í Brussel hafa verið í daglegum samskiptum við Íslandsdeild stækkunarskrifstofu ESB og eftir atvikum í samskiptum við sérfræðinga á öðrum skrifstofum framkvæmdastjórnarinnar og í fastanefndum aðildarríkja í Brussel. Þá fundar Þórir Ibsen sendiherra Íslands gagnvart ESB reglulega með yfirmanni skrifstofu stækkunarstjóra og ráðuneytisstjóra hans sem og annarra framkvæmdastjóra sambandsins, og með fastafulltrúum aðildarríkja. Þá er og vert að minnast á að sendiráðið er í nánnum samskiptum við formennskuríki ESB hverju sinni og átti það ekki síst við í formennskutíð Kypverja sem lögðu mikla áherslu á stækkunarmál.

Utanríkisþjónusta ESB og Ísland

Af vettvangi utanríkismála ber helst að nefna að í byrjun júlímánaðar birti EEAS og skrifstofa framkvæmdastjórnarinnar endurmótaða norðurslóðastefnu ESB sem var afrakstur mikillar vinnu sem farið hafði fram á vettvangi stofnana ESB umliðin misseri. Í skýrslunni er fjallað um þau fjölmörgu verkefni sem ESB hefur sinnt á þessum vettvangi á undanförunum árum sem og að lítið er til framtíðar og þess hvert hlutverk ESB eigi að vera í þessum málaflökki. Aukið mikilvægi norðurslóða á alþjóðavettvangi, hin brýnu úrlausnarmál og umsókn ESB um varanlega áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu myndar umgjörð þeirrar áherslu sem lögð er á norðurslóðir í störfum ESB með tilkomu hinnar nýju stefnu. Þess má geta að í skýrslunni er lögð áhersla á mikilvægi Íslands með tilliti til samstarfs um úrlausnarefni.

Hvað önnur málefni á sviði utanríkismála varðar hafa ýmsar mikilvægar ákvarðanir verið teknar á vettvangi ESB á tímabilinu og ber þar helst að nefna þau mál er rædd voru á ráðsfundum utanríkisráðherra ESB-ríkjanna, sem haldnir eru mánaðarlega, eða þar um bil.

Sem fyrr báru átökin í Sýrlandi hátt á fundum ráðherranna og þá einna helst umræður um hversu langt ætti að ganga í átt að viðurkenna Sýrlenska þjóðarráðið sem réttmæta fulltrúa stjórnarandstöðuafllanna í landinu. Þá herti ráðið á refsiaðgerðum ESB gagnvart landinu á októberfundi þess auk þess sem viðvarandi umræður voru um afdrif tugþúsunda flóttafólks frá Sýrlandi á pólitískt jafnvægi í grannríkjunum og viðbúnað ESB vegna þessa. Þá voru málefni Írans enn á ný í brennidepli enda hefur utanríkisþjónusta ESB verið í veigamiklu hlutverki við að leiða samningaviðræður alþjóðasamfélagsins við Teheran-stjórn á grundvelli E3+3 viðræðnanna, sem svo hafa kallast. Ráðherraráð ESB samþykkti hertar þvingunaraðgerðir á fundi sínum í október og beindust þær aðallega gegn fjármála-, orku- og samgöngugeirum í Íran. Þannig hefur ESB leitast við að þröngva Íran að samningaborðinu með að markmiði að ná yfirgripsmikilli langtímasátt vegna kjarnorkuáætlunar Írans. Samkvæmt ákvörðun ráðherraráðsins voru innleiddar verulegar takmarkanir við fjármagnsflutningum milli evrópskra og írskra banka auk þess að auka takmarkanir á útflutning frá aðildarríkjum ESB til Írans vegna varnings sem hægt er að nota í kjarnorku- eða varnaráætlun Írans eða sem gætu nýst þarlendum stjórnvöldum með einhverjum hætti. Á nóvemberfundi ráðsins kom til mikilla umræðna um afstöðu ríkja til óskar Heimastjórnar Palestínumanna um aukaaðild að Sameinuðu þjóðunum sem borin var upp skömmu síðar á allsherjarþingi Sameindu þjóðanna af forseta Heimastjórnarinnar, Mahmoud Abbas. Var það mörgum nokkur vonbrigði að ESB-ríkin hefðu ekki getað sammælt um að geta setið hjá í atkvæðagreiðslunni á allsherjarþinginu en ljóst að átökin í Gaza breyttu forsendum og veðrabrigði urðu síðustu dagana fyrir atkvæðagreiðsluna. Meirihluti aðildarríkjanna 27 skipuðu sér í flokk þeirra sem studdu ósk Palestínumanna. Á nóvemberfundinum ræddu ráðherrarnir mikilvægi þess að styrkja hernaðarlega getu ESB svo að sambandið geti framfylgt öryggis- og varnarmálastefnu þess.

Almenn ánægja er með þann árangur sem náðst hefur í verkefnum ESB, eins og við stendur Sómalíu, og er áhugi fyrir því að ESB efli þá nálgun enn frekar í komandi framtíð. Í lok ársins 2012 ákvað ESB að skipa sérstakan sendifulltrúa sambandsins fyrir Sahel svæðið. Fram að því hafði ESB haft vaxandi áhyggjur af vargöld þeirri sem einkenndi Sahel svæðið og taldi hana geta haft alvarleg áhrif á nærliggjandi lönd, ekki síst í norðurhluta Malí þar sem uppreisnarsveitir hrifsuðu til sín völd. Í lok árs undirbjó EEAS verkefni á sviði sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu sambandsins sem miðaði að því að aðstoða stjórnvöld í Malí við að þjálfa og manna öryggissveitir landsins svo unnt yrði að endurreisa lög og reglu í norðurhluta landsins.

Þess má geta að Íslandi er með reglulegum hætti boðið að taka undir hinar fjölmörgu yfirlýsingar á vettvangi utanríkismála sem ESB sendir frá sér, líkt og öðrum EFTA-ríkjum og umsóknarríkjum, auk annarra ríkja. Á tímabilinu frá upphafi júlímánaðar og til ársloka tók Ísland undir 18 af 19 yfirlýsingum ESB.

Fulltrúar Íslands hafa fylgst með þróun þeirra mála sem hér að ofan eru rakin sem og fjölmargra annarra enda á Ísland margháttað og náið samráð við ESB. Annars vegar sækja fulltrúar Íslands, Noregs og Liechtenstein reglulega pólitíska samráðsfundi á vegum ýmissa vinnuhópa ESB vegna aðildar sinnar að EES. Alls er um fimm slíka fundi að ræða sem að jafnaði eru haldnir tvisvar á ári. Hins vegar situr Ísland fundi á vegum utanríkisþjónustunnar sem umsóknarríki og aðildarríki Atlantshafsbandalagsins (NATO). Þar ber helst að nefna PSC + 7 og PSC + 9 fundina, en þau heiti vísa annars vegar til funda stjórn mála- og öryggisnefndar ESB með umsóknarríkjum og hins vegar fundir stjórn mála- og öryggisnefndarinnar með umsóknarríkjum og NATO ríkjum. Stjórn mála- og öryggisnefndin gegnir lykilhlutverki í utanríkisþjónustu ESB en hún er þungamiðjan í allri stefnumótun á sviðum utanríkismála. Þá situr Ísland fundi hermálanefndar ESB þegar hún fundar með NATO og umsóknarríkjum. Enn

fremur situr Ísland pólitíska samráðsfundi um mannréttindamál (e. *human rights consultations*) sem haldnir eru með öllum umsóknarríkjum

Samskipti íslenskra stjórnvalda við Evrópuþingið

Evrópuþingið er sú stofnun ESB sem hefur aukist mjög að vægi með tilkomu Lissabon-sáttmálans eins og kunnugt er. Rík áhersla er því lögð á það í störfum sendiráðsins að viðhalda og bæta við skilvirkt tengslanet í Evrópuþinginu. Sameiginlega þingmannanefnd Evrópuþings og Íslands hélt sinn fimmta fund í Strassborg í nóvember. Sendiherra Íslands í Brussel, Þórir Ibsen, hélt erindi á undirbúningsfundi fyrir umræddan fund. Aðalsamningamaður Íslands, Stefán Haukur Jóhannesson, tók síðan til máls á fundinum sjálfum.

Evrópuþingið fer með veigamikið hlutverk við endurskoðun sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB í samvinnu við framkvæmdastjórnina og ráðherraráðið. Á tímabilinu hefur sendiherra fundað með lykilþingmönnum Evrópuþingsins um málefni tengd sjálfbærri nýtingu á auðlindum hafsins. Einnig hefur fulltrúi atvinnuvega- og nýsköðunarráðuneytisins, fundað með ráðgjöfum sjávarútvegsnefndar Evrópuþingsins og aðstoðarmönnum þingmanna sem vinna að endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar.

Auk endurskoðunar á sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni fer Evrópuþingið með veigamikið hlutverk við endurskoðun hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB í samvinnu við framkvæmdastjórnina og ráðherraráðið. Sendiherra hefur átt fundi með lykil þingmönnum sem vinna að þessari endurskoðun. Þá hafa starfsmenn sendiráðsins átt fundi með ráðgjöfum og aðstoðarmönnum nefndarformannsins um landbúnaðarmál og byggðaþróun. .

Þá hefur verið lögð áhersla á að efla tengsl sendiráðsins við orkumálanefnd Evrópuþingsins og umhverfisnefnd þess. Hefur sendiherra kynnt sjónarmið Íslands í umhverfismálum og reynslu íslendinga af nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa fyrir lykil þingmönnum í þessum nefndum.

Formennskuríki ESB 2012

Formennska Kypverja (júlí – desember 2012)

Kýpur fór með formennsku að ráðherraráði ESB seinni hluta ársins. Aðgerðaráætlun sína settu Kypverjar fram undir slagorðinu „Í átt að betri Evrópu“ en samkvæmt henni skyldi áhersla verið lögð á (i) skilvirkni og sjálfbærni, (ii) hagvöxt og eflingu hagkerfisins, (iii) að efla tengsl Evrópubúa við ESB og ýta undir félagslega samheldni þeirra, og (iv) að efla tengsl ESB við nágrannaríki þess. Auk þess höfðu Kypverjar miklar áhyggjur af atvinnuástandi í Evrópu og vildu leggja sérstaka áherslu á atvinnusköpun fyrir ungmenni. Kypverjar vildu dýpka samruna og auka félagslega samheldni innan Evrópu en þeir töldu að slíkar aðgerðir kæmu til með að skapa betri lífsskilyrði fyrir Evrópubúa. Endurvekja átti traust markaða og stuðla að stöðugleika með auknu aðhaldi í ríkisrekstri en jafnframt átti að styðja aðgerðir sem ykju hagvöxt og sköpuðu störf. Enn fremur taldi formennska Kýpur að ESB þyrfti að styrkja hlutverk sitt á alþjóðlegum vettvangi og efla samstarf við nágretta sína.

Vegna aðstæðna sem helguðust helst af áskorunum vegna skuldakreppunnar á evrusvæðinu þyrftu Kypverjar að hnika til markmiðum og stefnumálum sínum lítið eitt í formennskutíð. Í

raun yfirskygðu þrenn mál á formennsktíð Kypverjanna. Í desember í lok formennskutíðarinnar samþykkti leiðtogaráð ESB að flytja yfirstjórn bankaeftirlitis á evrusvæðinu, og í öðrum ESB-ríkjum sem það kjósa, til Seðlabanka Evrópu, en sameiginlegt bankaeftirlit er fyrsti þáttur þess sem í daglegu tali hefur verið nefnt bankabandalagið. Er almennt talið að þetta skref hafi verið afar mikilvægt í að styrkja með skilvirkum hætti fjárhagseftirlit á evrusvæðinu. Í annan stað má nefna að það lenti í verkahring Kypverja að leitast við að ná samkomulagi um langtímafjárhagsáætlun ESB og fjárlagatímabilið 2014-2020. Formennskutíðin entist ekki til að ná samkomulagi um þetta mikilvæga mál þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Í þriðja lagi ber að nefna ötult starf kypversku formennskunnar að stofnun sameiginlegs kerfis til að finna hælisleitendum ný heimkynni, eins og rakið er í fyrr í þessari skýrslu. Þá vann formennska Kypur að kappi við að afla stuðnings við samkomulag um vernd á einkaleyfum sem ætlað er að bæta samkeppnishæfni nýsköpunariðnaðar ESB og þar með blása nýju lífi í hagkerfi Evrópu. Þá samþykkti ráðið einnig undir formennsku Kypur ályktanir um forgangstillögur varðandi innri markaðslöggjöf II (Single Market Act II) sem er viðbót við innri markaðslöggjöf I (Single Market Act I) og er ætlað að styrkja enn frekar innri markaðinn, auka efnahagslegan vöxt og atvinnusköpun. Að endingu ber einnig að nefna góðan árangur kypversku formennskunnar í aðildarviðræðunum við Svartfjallaland og Ísland eins og áður var rakið.

Leiðtogafundir ESB

Þrjár leiðtogafundir voru haldnir á síðari hluta 2012 í október, nóvember og desember. Á fyrsta fundinum sem haldinn var 18. til 19. október ítrekuðu leiðtogarnir vilja sinn til að ráðist verði í aðgerðir sem lækja öldurnar á fjármálamarkaðnum, endurheimta traust og ýta undir hagvöxt og atvinnusköpun. Leiðtogarnir kölluðu eftir því að stofnsetning evrópska bankaeftirlitskerfisins (e. Single Supervisory Mechanism) yrði sett í forgang svo að lagaramminn yrði fullgerður þann 1. janúar 2013. Enn fremur kölluðu leiðtogarnir eftir því að lýðræðishalli ESB yrði skoðaður ásamt ákveðnum atriðum er varða fjár- og efnahagslega lagaumgjörð sambandsins.

Fjárlagarammi ESB fyrir tímabilið 2014-2020 var í forgrunni á sérlegum fundi leiðtoganna sem haldinn var í Brussel 22. - 23. nóvember. Fundurinn veitti forseta ráðsins, Hermann van Rompuy umboð til að leita samkomulags á meðal aðildarríkjanna um heildarfjárlög sem lagt yrði fram til samþykktar á leiðtogafundi ESB í byrjun árs 2013.

Síðasti leiðtogafundur ársins 2012 var haldinn 13. til 14. desember. Í forgrunni var áframhaldandi vinna að dýpkun efnahags- og myntbandalagsins en vegvísir að framtíð þess var samþykktur. Á fundinum tóku leiðtogarnir ákvarðanir með því augnamiði að efla efnahagsstjórnun ESB, má þar einna helst nefna ákvörðun um innleiðingu evrópska bankaeftirlitskerfisins.

Bankabandalag

Leiðtogaráð ESB samþykkti í desember á síðasta ári að flytja yfirstjórn bankaeftirlitis á evrusvæðinu, og í öðrum ESB-ríkjum sem það kjósa, til Seðlabanka Evrópu. Sameiginlegt bankaeftirlit er fyrsti þáttur þess sem í daglegu tali hefur verið nefnt bankabandalagið, og á að tryggja bætt umgjörð fyrir evrópska bankastarfsemi. Auk sameiginlegs bankaeftirlits samanstendur bankabandalagið af aukinni samræmingu regluverks, sameiginlegum viðbúnaði og viðbrögðum við banka í vanda auk beinnar endurfjármögnunar banka úr neyðarsjóði

evrusvæðisins (e. European Stability Mechanism, ESM). Stefnt er að því að reglugerð um stofnun evrópskrar stofnunar vegna fallandi banka verði kynnt fyrir mitt árið 2013.

Í fyrstu var einnig rætt um sameiginlegt innstæðutryggingarkerfi en eftir mikla pólitíska andstöðu hafa þær hugmyndir nú verið lagðar til hliðar, a.m.k. um sinn. Reglugerðir sem tryggja eiga flutning bankaeftirlitsins eru nú til umræðu í þríhliðaviðræðum ráðsins, þingsins og framkvæmdastjórnarinnar. Stefnt er að því að seðlabankinn taki yfir bankaeftirlit frá fyrri hluta árs 2014 og muni sinna beint eftirliti með 150 stærstu bönkum evrusvæðisins, en eignir þeirra nema um 80-85% af heildareignum bankakerfis evrusvæðisins. Seðlabanki Evrópu mun auk þess geta tekið yfir eftirlit með öðrum bönkum ef hann telur nauðsyn til. Bankabandalagið styrkir umgjörð fjármálamarkaðarins í aðildarríkjum þess. Með aukinni miðstýringu og samábyrgð er hætt við að það myndist tvískiptur innri markaður með fjármálaþjónustu milli aðildarríkja bankabandalagsins annars vegar og ríkja utan þess hins vegar.

Hugmyndir um nánara efnahagsbandalag

Forsetar framkvæmdastjórnarinnar og leiðtogaráðsins birtu í desember skýrslur að beiðni leiðtogaráðsins um hugsanlegar breytingar á umgjörð efnahags- og myntbandalagsins. Tillögur forseta ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar gerðu ráð fyrir að tekin yrðu skref í átt að mun meiri fjárhagslegri samábyrgð evruríkjanna næstu árin. Tillögum framkvæmdastjórnarinnar – sem eru lítillaga framsæknari en tillögur forseta ráðsins - er skipti í þrjú tímabil. Í fyrsta lagi yrði á næstu 18 mánuðum lögð áhersla á samþykkt lagabreytinga sem þegar eru til umræðu (t.d. um aukið samráð við mótun fjárlaga) auk þess sem móta ætti samstöðutæki innan fjárlaga ESB til þess að styðja við efnahagsumbætur aðildarríkjanna. Í annan stað yrði á næstu 18 mánuðum til 5 árum lögð áhersla á frekari samþættingu ríkisfjármála, hugsanlega með kröfum um breytingar á fjárlögum í samræmi við evrópskar skuldbindingar, aukið samráð um skatta og stefnu í vinnumálum og uppbyggingu raunverulegs fjárhagslegs styrks fyrir efnahags- og myntbandalagið. Slíkur fjárhagslegur styrkur yrði nýttur til þess að styðja við bakið á ríkjum við umbreytingu efnahagskerfa (sem geta falið í sér skammtímakostnað en langtímaávinning). Á þessu tímabili ætti einnig að hefja útgáfu sameiginlegra skuldabréfa evrusvæðisins til skamms tíma. Einhverjar þessara umbóta krefðust breytinga á sáttmálanum. Og í þriðja lagi yrðu mótuð raunveruleg fjárlög fyrir efnahags- og myntbandalagið sem geti aðstoðað ríki við að takast á við hagsveiflur. Í kjölfarið væri hægt að gefa út sameiginleg skuldabréf.

Leiðtogarnir tóku ákvörðun um að bíða með ákvarðanir um stærri málefni og fela forseta ráðsins þess í stað að vinna áfram með nokkra minni þætti sem krefðust ekki grundvallarbreytinga á starfsemi Evrópusambandsins. Forseti ráðsins skyldi því kynna á leiðtogafundinum í júní 2013 tímasetta áætlun um atriði á borð við: Samráð og samhæfingu allra meiriháttar efnahagsumbóta innan evruríkjanna; félagslega vídd fyrir efnahags- og myntbandalagið; möguleika og form samninga um samkeppnishæfni og vöxt sem gerðir yrðu milli aðildarríkjanna og stofnana ESB; samstöðusjóð sem gæti hjálpað til við fjármögnun stærri umbótaverkefna sem kveðið væri á um í samningum um samkeppnishæfni og vöxt. Tillögur þessar eru ekki taldar lýsa vilja til grundvallarumbóta á efnahags- og myntbandalaginu en eru mun frekar aðlögun á núverandi fyrirkomulagi þar sem aðildarríkin halda enn í taumana er kemur að mótun efnahagsstefnunnar.

Efst á baugi á Evrópuþinginu

Efnahagsmál voru í kastljósinu í umræðum Evrópuþingsins síðari hluta ársins. Hafa þingmenn kallað eftir betri hagvaxtarstefnu og dýpra samstarfi á sviði bankamála. Telur þingið brýnt að það komi beint að ákvarðanatöku um efnahagsþróun sambandsins og þróun bankabandalagsins. Þannig hefur Martin Schulz forseti Evrópuþingsins lagt áherslu á að hann sitji leiðtogafundi ESB til að tryggja að Evrópuþingið sé haft með í ráðum í ákvörðunum sem tengjast yfirstandandi efnahagsvanda ESB.

Fjárlög ESB fyrir 2013 og fjárlagarammi þess fyrir tímabilið 2014-2020 voru mikið ræddir á þinginu síðari hluta ársins. Ósætti kom upp á milli Evrópuþingsins og Leiðtogaráðsins vegna fjárlaganna fyrir 2013 en samningar náðust í desember fyrir milligöngu formennsku Kýpur. Þingmenn kölluðu eftir sveigjanlegum fjármálaramma fyrir 2014-2020, sem gæti virkaði hvetjandi á efnahags- og atvinnulífið. Auk þess var lögð fram beiðni þess efnis að fjárframlag til sameiginlegu landbúnaðar- og samheldnistefnanna verði það sama og fyrir tímabilið 2007-2013.

Evrópuþingið samþykkti athyglisverða skýrslu Mariu Eleni Koppa, um stækkunarmál ESB, en sendiráðinu var gefið tækifæri til að leggja fram ábendingar vegna hennar. Þar er meðal annars bent á hvernig þróun stækkunarstefnu sambandsins hefur breyst í takt við breyttar pólitískar áherslur í álfunni og rætt nokkuð ítarlega um hve tvíbent það geti verið að tengja tvíhliða deilumál umsóknarríkja við aðildarferlið. Þá er áhersla lögð á að umsóknaraðildarríkin séu metin að verðleikum og að skýrar hlutlægar forsendur séu lagðar til grundvallar við mat á árangri ríkja.

Ástandið í Sýrlandi var ofarlega á baugi og lýstu þingmenn yfir miklum áhyggjum af stöðu mála og sérstaklega bágborinnar stöðu mannréttinda. Þeir kölluðu eftir því að koma á fót friðarsvæði til að koma neyðaraðstoð til borgara (humanitarian corridor) og hvöttu Catherine Ashton, utanríkismálastjóra ESB, og aðildarríkin til að vinna að því að sætta stjórnarandstöðuna í Sýrlandi og bæta stöðu sýrlenskra flóttamanna. Þingmenn gagnrýndu og harkalega aðgerðir ísraelsku ríkisstjórnarinnar í landtökumálum á Vesturbakkanum.

Mannréttindamál í Rússlandi voru ofarlega á baugi í Evrópuþinginu og lýst þingmenn yfir áhyggjum vegna rússneskra laga sem draga úr tjáningarfrelsi. Magnitsky lögin voru rædd í þaula og kallaði þingið eftir víðtækum heimildum til að takmarka vegabréfsáritanir rússneskra embættismanna og að hægt væri að kyrrsetja eignir þeirra á ESB svæðinu. Kom fram að Rússland, undir stjórn Pútíns, sé ekki tilbúið í víðtækt samstarf við ESB.

Evrópuþingmenn staðfestu að ESB sé reiðubúið að skrifa undir sérstakt ríkjasamstarf við Úkraínu með þeim skilyrðum að Úkraína sýni fram á raunverulegan árangur í að tileinka sér lýðræðisleg gildi, réttarríki, sjálfstæði dómsvalda og tjáningarfrelsi. Þetta samstarf gæti orðið að veruleika fyrir Eastern Partnership Summit í Vilínus í nóvember 2013.

Víðtæk sátt var um “Agenda for change” tillögur um framtíð þróunarsamvinnu ESB. Þingmenn töluðu fyrir skilvirkni og gagnsæi í þróunarsamvinnu. Sjávarútvegsmál og sérstaklega umbætur á sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni voru í brennidepli á Evrópuþinginu síðari hluta ársins. Í september var innleiddur nýr reglupakki sem m.a. skyldar framleiðendur til að merkja pakkningar með dagsetningu löndunar. Enn fremur skal gera að forgangsmáli að draga úr óæskilegum veiðum með því að velja viðeigandi búnað til veiðanna. Enn fremur var framkvæmdarstjórnin hvött til að beita þau ríki viðurlögum sem leggja ekki fram áreiðanleg gögn til gagnabanka fiskveiða innan ESB.

Í nóvember samþykktu Evrópuþingmenn greinagerð um ytri mörk sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar sem segir að herða eigi á samningum ESB við þriðju ríki með það að markmiði að koma í veg fyrir hentifánastarfsemi. Greinagerðin hvetur einnig til svæðisbundins samstarfs þegar gengið er til samninga við ESB.

Þá samþykkti Evrópuþingið reglugerð um að beita refsiaðgerðum gegn ríkjum utan ESB sem stunduðu ósjálfbærar veiðar úr sameiginlegum stofnum. Þingmenn hvöttu til að lögð yrði fram ályktun sem fjallar um sjálfbæra nýtingu á fiskistofnum. Þeir samþykktu einnig lagalegar aðgerðir til verndar baltneska laxastofnsins. Þingið kallaði eftir endurskoðun á handfæraveiðum í sjávarútvegsstefnu sambandsins. Deilur eru á milli ráðherraráðsins og Evrópuþingsins um framkvæmd fiskveiðistjórnunaráætlunar sambandsins. Ráðið vill hafa fulla valdheimild til að ákveða kvóta án afskipta þingsins. Evrópuþingmenn hafa varað við því að málið kunni að verða sent til dómstóls Evrópusambandsins.

Menningarmál

Þann 19. október 2012 opnaði Þórir Ibsen sendiherra yfirgripsmikil sýning á verkum Svavars Guðnasonar í Cobra safninu í Hollandi. Svavar var einn af forsprökkum Cobra hópsins og frumkvöðull abstrakt málverksins á Íslandi. Sýningin er samstarfsverkefni Listasafns Íslands, Cobra Museum of Modern Art, Carl-Henning Pedersen & Else Alfelts Museum og Skovhuset. Vegleg sýningarskrá hefur verið gefin út sem inniheldur texta eftir Hanne Lundgren Nielsen, Kristínu G. Guðnadóttur, Per Hovdenakk, Ejler Bille, Christian Dotremont og Svavar Guðnason. Sýningin er farandsýning og verður sett upp í tveimur söfnum í Danmörku 2013, í Carl-Henning Pedersen & Else Alfelts safninu í Herning og í Skovhuset.

Íslenska hljómsveitin Of Monsters and Men var ein af verðalaunahöfum European Border Breakers verðlaunanna fyrir útgáfu nýrra verka á tímabilinu 1. ágúst 2011 til 13. júlí 2012. Verðlaunin eru veitt nýjum hljómsveitum á sviði popptónlistar sem hafa notið velgengni þvert á landamæri Evrópu. Framkvæmdastjóri mennta-, æsku- og tungumála Androulla Vassiliou veitti verðlaunin ásamt fulltrúum tónlistarhátíðarinnar Eurosonic Noorderslag.